

Nd.

622. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá strandferðanefndinni.

Við 13. gr. C., III.

Athugasemdirnar falli burt. Í stað þeirra komi:
Styrkir þessir veitast með þeim skilyrðum:

1. Að hlutaðeigandi hjeradsstjórn sendi Stjórnarráðinu, eigi síðar en 6 vikum áður en ferðirnar hefjast, skjöl þau, er hjer greinir:
 - a. Vottorð skipaskoðunarmanna um að bátarnir sjeu traustir, vel útbúnir og hentugir til ferðanna.
 - b. Uppkast að ferðaáætlun bátsins eða bátanna.
 - c. Uppkast að gjaldskrá fyrir fólksflutning og vöruflutning.
 - d. Áætlun um tekjur og gjöld bátsins eða bátanna.
2. Að Stjórnarráðið samþykki skjöl þau, sem nefnd eru undir tölulið 1. a.—d., án breytinga eða með breytingum, sem hlutaðeigandi hjeradsstjórn síðar felst á.
3. Að landssjóðsstyrkurinn nemi ekki meiru fyrir hvern einstakan bát en hálfum reksturskostnaði bátsins, samkvæmt reikningi, er Stjórnarráðið samþykki fyrir hvert einstakt útgerðartímabil.
4. Að útgerðarmenn bátanna sjái um að reikningsfærslan verði samkvæm fyrir-mælum Stjórnarráðsins, og að eyðublöð, sem það lætur í tje, verði rjett útfyllt.
5. Að útgerðarmenn sendi Stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en síðasti fjórði hluti styrksins útborgast.